

TILLÖGUR UM SAMÞYKKTARBREYTINGAR

LÍFSVERKS LÍFEYRISSJÓÐS – AÐALFUNDUR 2020

Breytingar eru auðkenndar með **rauðu**, ný ákvæði undirstrikuð, það sem fellur brott er yfirstrikað.

1) Breyting á nokkrum greinum vegna rangra tilvísana:

4. gr. Iðgjöld

4.12 Öllum innborgunum launagreiðanda, hvort heldur sem þær berast með nýrri skilagrein eða öðrum hætti, skal ráðstafað til greiðslu elstu ógreiddra iðgjalda og vanskilavaxta launagreiðanda og skapa réttindi samkvæmt því. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að víkja frá þessari reglu í því tilfalli að hafið hefur verið formleg innheimta iðgjalda í vanskilum, sbr. gr. ~~49~~.10, fyrir ákveðið tímabil og fullnægjandi trygging hefur fengist fyrir greiðslu iðgjalda, vanskilavaxta og innheimtukostnaðar vegna þess tímabils. Ennfremur ef lög kveða á um annað, sbr. meðferð mála á greiðslustöðvunartímabili launagreiðanda. Skilagrein telst ógreidd þar til innborgun nægir til fullrar greiðslu skilagreinarinnar og áfallinna vanskilavaxta á hana.

4.13 Á grundvelli samkomulags sjóðfélaga og maka hans getur sjóðfélagi ákveðið að iðgjöld samkvæmt 4.1 skuli allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans, sbr. gr. 7. ~~109-b~~. Þessari skiptingu iðgjalda skal hætt að ósk sjóðfélaga, enda framvísi hann skilríkjum um að fjárfélagi hans og maka hans hafi verið slitið eða aðilar hafi gert með sér nýtt samkomulag.

7. gr. Ellilífeyrir

7.9 Þegar sjóðfélagi hefur töku ellilífeyris skal reikna réttindi hans út með tilliti til allra inngreiddra iðgjalda sjóðfélagans. Greiði sjóðfélagi iðgjöld til sjóðsins eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris getur hann krafist þess að lífeyrir hans verði endurreiknaður einu sinni á ári eftir að taka lífeyris hófst. Til frádráttar ellilífeyri sjóðfélaga, þannig reiknuðum, skal síðan koma sá ellilífeyrir sem hann hefur afsalað sér samkvæmt gr. 7. ~~109~~ (skipting ellilífeyrisréttinda).

2) Breytingar á 10. gr. um barnalífeyri:

10. gr. Barnalífeyrir

10.7 Veiti fráfall eða örorka sjóðfélaga börnum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

3) Breytingar á 15. gr. um stjórn sjóðsins:

15. gr. Stjórn sjóðsins

15.3 Stjórnarmenn skulu uppfylla hæfisskilyrði laga nr. 129/1997. Þeir skulu vera lögráða, fjárhagslega sjálfstæðir, hafa gott orðspor og mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota. Þeir mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm á síðustu tíu árum fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrotaskipti o.fl. eða ákvæðum laga er varða opinber gjöld, svo og sérlögum um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum. Þeir skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi, hafa óflekkað mannorð og mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur fengið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um

hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldprot eða opinber gjöld svo og sérlægum um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi eða í öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Þá skulu stjórnarmenn uppfylla ákvæði 2. mgr. 31. gr. laga 129/1997 um óhæði m.a. gagnvart öðrum eftirlitsskyldum aðilum. Þeir skulu og hafa nægjanlega þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt starfi sínu á tilhlýðilegan hátt og uppfylla reglur FME um hæfi.

Stjórnarmenn skulu ekki sitja sem kjörnir aðalmenn lengur í stjórn en þrjú kjörtímabil (nú ár).

15.4 Stjórnarmaður getur hvenær sem er sagt starfa sínum lausum. Uppfylli stjórnarmaður ekki lengur skilyrði til þess að vera í stjórn, sbr. gr. 15.3 eða 31. gr. laga nr. 129/1997, skal honum skylt að segja starfa sínum lausum. Tilkynningu þar um skal hann senda stjórn félagsins. Við þær aðstæður skal varamaður taka stað þess stjórnarmanns sem sagði starfa sínum lausum og sitja þann tíma sem eftir er af kjörtíma þess stjórnarmanns. Sé enginn varamaður til að koma í stað stjórnarmanns hvílir sú skylda á hinum stjórnarmönnum að efna til kjörs nýs stjórnarmanns fyrir þann tíma sem eftir er af kjörtíma hins fyrri.

15.54 Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin setur sér starfsreglur og heldur gerðabók og ritar í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt þarf meirihluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði. Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef meirihluti stjórnarmanna er mættur eða varamenn í þeirra stað. Til að skuldbinda sjóðinn þarf undirskrift þriggja stjórnarmanna. Formaður boðar varamenn á stjórnarfundi þegar þurfa þykir.

15.56 Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans og skal sjá til þess að skipulag hans og starfsemi sé jafnan í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997, reglugerða settum samkvæmt þeim og samþykktu þessara. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún skal sjá um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og gerir við hann ráðningarsamning. Stjórn sjóðsins ræður forstöðumann endurskoðunardeildar eða semur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila til að annast innri endurskoðun. Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu hans, setja reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar um rekstur, iðgjöld, réttindaávinnslu og ráðstöfun eigna sjóðsins. Þá skal stjórnin setja verklagsreglur um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna og fá þær staðfestar af Fjármálaeftirlitinu.

15.76 Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og fer í því efni eftir ákvæðum laga nr. 129/1997, reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim, samþykktum sjóðsins og þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn sjóðsins hefur gefið. Framkvæmdastjóri fer með atkvæði sjóðsins á fundum hlutafélaga sem sjóðurinn á hluti í, nema stjórn ákveði annað í einstökum tilvikum. Framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins er ekki kjörgengur sem stjórnarmaður í lífeyrissjóðnum. Um hæfi framkvæmdastjóra fer að öðru leyti eftir ákvæðum greinar 15.3. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins. Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar skal framkvæmdastjóri aðeins taka með sérstakri ákvörðun stjórnar eða samkvæmt áætlun sem samþykkt hefur verið af stjórninni. Sé ekki unnt að bera meiriháttar ákvarðanir undir stjórnarfund, skal haft samráð við formann stjórnar og aðra stjórnarmenn eftir föngum. Slíkar ákvarðanir skal síðan taka fyrir á næsta stjórnarfundi. Stjórnin veitir og afturkallar prókúruumboð til handa framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum.

15.87 Allar meiriháttar breytingar á skipulagi sjóðsins, innra eftirliti, bókhaldi og reikningsskilum skal framkvæmdastjóri aðeins gera að höfðu samráði við stjórn og að fengnu samþykki hennar.

15.98 Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og viðurkenndar venjur. Honum ber að fylgja þeirri fjárfestingarstefnu og lánareglum sem stjórn sjóðsins hefur sett. Á reglubundnum stjórnarfundum skal framkvæmdastjóri leggja fram yfirlit um fjárfestingar, rekstur og efnahag sjóðsins.

15.109 Framkvæmdastjóri skal veita stjórn, endurskoðanda og endurskoðunarnefnd allar þær upplýsingar um hag og starfsemi sjóðsins sem þeir óska.

15.1~~10~~ Hvorki stjórnarmaður lífeyrissjóðsins né framkvæmdastjóri mega taka átt í meðferð máls ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kynnu að fara í bága við hagsmuni sjóðsins. Sama gildir ef um er að ræða ákvarðanir sem tengjast fyrirtæki þar sem stjórnarmaður kann að eiga umtalsverðra hagsmuna að gæta sem eigandi, stjórnarmaður eða starfsmaður. Framkvæmdastjóra er óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar. Skylt er þeim sem í hlut á að upplýsa um aðstæður sem valda kunna vanhæfi skv. framansögðu. Um sérstakt hæfi stjórnarmanns og framkvæmdastjóra til meðferðar máls gilda ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

15.1~~2~~ Stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóri og aðrir þeir er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd sjóðsins, mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra eða á kostnað sjóðsins. Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og aðrir starfsmenn, svo og endurskoðendur lífeyrissjóðsins, eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um í starfi og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þó látið sé af starfi.

15.1~~3~~ Stjórnarmaður og framkvæmdastjóri sjóðsins skulu ekki sitja í stjórnnum atvinnufyrirtækja í umboði hans. Þetta gildir þó ekki um fyrirtæki sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins. Ef stjórnarmaður lífeyrissjóðsins er jafnframt stjórnarmaður í fyrirtæki, sem sjóðurinn á verulegan hlut í, getur sá hinn sami ekki gegnt stjórnarformennsku í lífeyrissjóðnum.

15.1~~4~~ Stjórn Lífsverks lífeyrissjóðs er launuð og ákveður aðalfundur stjórnarlaun fyrir komandi starfsár.

Greinargerð um breytingartillögur

Breytingar vegna rangra tilvísana þarfnast ekki skýringa. Um er að ræða tilvísanir í rangar greinar samþykktar sem nú er leiðrétt.

Lagt er til að í gr. 10.7 um barnalífeyri verði bætt við „eða örorka“ enda veitir fráfall sjóðfélaga eða örorka rétt til barnalífeyris. Er þetta til samræmis við orðalag í samþykktum annarra lífeyrissjóða.

Lagðar eru til breytingar á gr. 15 um stjórn sjóðsins. Annars vegar eru hæfissskilyrði stjórnarmanna sem talin eru upp í gr. 15.3. samræmd orðalagi í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Hins vegar er bætt inn nýrri grein, gr.15.4 þar sem kveðið er á um það hvað gera skuli ef stjórnarmaður uppfyllir ekki lengur skilyrði þess að sitja í stjórn eða segir starfa sínum lausum.

Númer eldri greina 15.4 – 15.13 verða 15.5 – 15.14.